19. febrúar 2011

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Hrefna Karlsdóttir deildarsérfærðingur

Efni: Athugasemdir LS við tillögur SLR á vigtunarkerfið ofl.

Landssamband smábátaeigenda – LS – er í megin atriðum andvígt þeim tillögum sem kynntar voru á fundi SLR 8. febrúar sl. LS telur að svo róttækar breytingar sem kynntar voru verði að vinna í nánu samráði við hagsmunaaðila þar sem sjónarmið þeirra komi fram á öllum stigum málsins. LS leggur til að skipaður verði starfshópur um málefnið þar sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eigi sæti og tillögurnar ræddar í þeim hópi.

LS er þeirrar skoðunar að þær reglur sem gilt hafa um vigtun sjávarafla hafi reynst vel og sýnt glögga mynd af því sem tekið er úr auðlindinni. Eftirfarandi breytingar á gildandi reglum um vigtun er þó ástæða til gera. Annars vegar til að auka jafnræði milli sjó- og landvinnslu og hins vegar að skylt verði að vigta allan afla á Íslandi.

a. Allur afli vinnsluskipa verði vigtaður áður en hann kemur inn á vinnslulínur, sbr. niðurstöðu skýrslu: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefid-efni/sjreldra/nr/590
b. Allur afli sem fluttur er úr landi verði vigtaður áður en hann kemur til útflutnings

Á undanförnum árum hefur aðilum sem leyfi hafa haft til heimvigtunar fækkað mikið. LS er ekki andvígt þeirri þróun, þar sem hagsmunaárekstrar geta auðveldlega átt sér stað. Forsenda þess að þróuninni verði snúið við er að leyfi til vinnslufyrirtækja verði skilyrt við að löggiltur aðili frá viðkomandi höfn komi að vigtuninni.

LS leggst ekki gegn því að ísprósenta dagróðrabáta, þegar vigtað er á hafnarvog verði hækkuð, það tryggir enn betur að fiskurinn verði nægilega kældur og gæði tryggð. Þegar um endurvigtun er að ræða gegnir öðru máli, þar sem þá má gera ráð fyrir að aflinn hafi verið ísaður enn meir þegar í land er komið. Föst ísprósenta í því tilviki getur leitt til þess að um vanísun verði að ræða og þannig komið niður á gæði aflans.

LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um breytingar á slægingarstuðli svo og þvingunaraðgerðum til að landa afla dagróðrabáta slægðum. Breyting á reglum um vigtun koma þessum málum ekkert við því ber að skoða þau sérstaklega. Að ætla sér að skylda útgerðaraðila dagróðrabáta til að landa slægðu er á engan hátt í

samræmi við kröfur nútímans um að koma með allt að landi. Fiskkaupendur óska eftir að kaupa dagróðrafisk óslægðan því þannig ná þeir að gera úr honum mestu verðmætin.

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri